



FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**Verið velkomin til búsetu
á Fljótsdalshéraði**

Fljótsdalshérað

Sveitarfélagið Fljótsdalshérað varð til 1. nóvember 2004, við sameiningu Austur-Héraðs, Fellahrepps og Norður-Héraðs. Þéttbýlin Egilsstaði og Fellabæ styður sterk byggð í dreifbýlinu með blómleg landbúnaðarsvæði og smærri þjónustukjarna á Hallormsstað, Eiðum og Brúarási. Sveitarfélagið er mjög víðfeðmt og er nú það landmesta á Íslandi. Stærð þess er 8.884 ferkílómetrar. 1. desember 2013 voru íbúar sveitarfélagsins 3.464.

Miðkjarna Fljótsdalshéraðs mynda þéttbýlin Egilsstaðir og Fellabær sem greiðar samgöngur á landi og í lofti hafa gert að virkum vegamótum og þar hefur því vaxið upp ýmiss konar starfsemi bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila. Um miðbæ Egilsstaða liggja helstu krossgötur Austurlands og umferðarmestu gatnamót þjóðvega í fjórðungnum.

Flestir íbúa Fljótsdalshéraðs starfa við þjónustu og opinbera starfsemi og á Egilsstöðum og í Fellabæ hefur þróast samgöngu-, verslunar- og þjónustumiðstöð sveitarfélagsins og alls Mið-Austurlands. Flugvöllurinn á Egilsstöðum gegnir mikilvægu hlutverki, meðal annars vegna ferðaþjónustu á svæðinu. Í sveitarfélaginu er að finna fjölbreytta flóru hótél, gisti- og veitingastaða. Sauðfjár- og kúabúaskapur er stundaður á rúmlega 100 býlum og þá fer skógrækt fram á um 80-90 jörðum um þessar mundir.

Skrifstofur sveitarfélagsins

Skrifstofur sveitarfélagsins eru að Lyngási 12 á Egilsstöðum. Þar fást upplýsingar um þjónustu, stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélagsins.

- Um afgreiðslu bæjarstjórnar, bæjarráðs og nefnda.
- Um tiltekin mál sem eru til umfjöllunar.
- Um ýmis mál er varða réttindi íbúa.
- Aðstoð við að koma á framfæri erindum við bæjarstjórn, bæjarráð eða nefndir.

Skrifstofurnar eru opnar alla virka daga kl. 8 til 15:45.

Síma- og viðtalstímar bæjar- og deildarstjóra eru sem hér segir:

Viðtalstímar á skrifstofu virka daga milli kl. 10:00 og 12:00

Einnig er hægt að panta viðtöl utan viðtalstíma, eða óska eftir að starfsmenn hringi í viðkomandi þegar þeir hafa tók á.

Ráðhúsið Fellabæ



Í sveitarfélaginu er heilsugæslustöð, dvalarheimili aldraðra og sjúkrahús, tannlæknastofa og dýraspítali.

Skólastarf hefur sett svip sinn á samfélagið til margra ára. Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað hefur starfað í áratugi. Menntaskólinn á Egilsstöðum hefur starfað frá 1979 en þar eru nemendur á fimmta hundrað. Skrifstofa Þekkingarnets Austurlands, sem nú heitir Austurbrú er með aðsetur í sveitarfélaginu, en það býður upp á margvísleg námskeið og fjarnám á háskólastigi.

Á Fljótsdalshéraði eru leikskólar starfræktir á fimm stöðum en grunnskólastarf fer fram á fjórum stöðum. Nám í tónlistarskólum má hins vegar stunda á fjórum stöðum á vegum þriggja tónlistarskóla.

Sveitarfélagið rekur bókasafn og minjasafn, íþróttamiðstöð og íþróttahús, frjálsíþróttavöll og knattspyrnuvelli, sundlaug, félagsmiðstöðvar, félagsheimili og þjónustumiðstöð.

Hitaveita Egilsstaða og Fella sér þéttbýlinu fyrir heitu og köldu vatni og sér einnig um rekstur fráveitu.



Skrifstofur Egilsstöðum

Lyngás 12

Sími: 470 0700

Fax: 470 0701

Netfang: egilsstadir@egilsstadir.is

Þar er staðsett:

- Stjórnsýslu- og fjármálasvið
- Fjölskyldu- og frístundasvið
- Skipulags- og umhverfissvið

Skrifstofur HEF Fellabæ

Einhleypingi 1

Sími: 470 0787

Fax: 471 2165

Netfang: hef@hef.is



www.fljotsdalsherad.is

Heimasíða Fljótsdalshéraðs & íbúagátt

Heimasíða Fljótsdalshéraðs er www.fljotsdalsherad.is. Þar er að finna upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins og margvíslegar stofnanir þess.

Íbúagátt Fljótsdalshéraðs er persónuleg vefþjónusta sem svipar að mörgu leyti til þjónustu heimabanka. Hún gefur íbú-

um sveitarfélagsins og öðrum, kost á að sækja um þjónustu til sveitarfélagsins, fylgjast með framgangi sinna mála, skoða greiðslustöðu sína, koma ábendingum á framfæri og ýmislegt fleira. Hún er opin öllum íbúum Fljótsdalshéraðs, sem og öðrum, sem náð hafa 18 ára aldri. Sótt er um aðgang að íbúagáttinni á forsiðu heimasíðu sveitarfélagsins.

Samgöngur

Flogið er milli Egilsstaða og Reykjavíkur nokkrum sinnum á dag, alla daga vikunnar. Flugáætlun má finna á heimasíðunni www.flugfelag.is. Áætunarferðir með rútum eru milli flugvallarins og nálægra sveitarfélaga.

Almenningssamgöngur eru milli Fellabæjar og Egilsstaða. Finna má áætlun fyrir ferðirnar á heimasíðu Fljótsdalshéraðs.

Daglegar ferðir á Reyðarfjörð frá Egilsstöðum og Fellabæ eru farnar fyrir starfsfólk Alcoa-Fjarðaáls í tengslum við skipulag fyrirtækisins. Einnig eru almenningssamgöngur til Akureyrar.

Helstu vegalengdir til og frá Egilsstöðum

Egilsstaðir – Reykjavík:

M. flugi 50 mínútur. M. bíl um Öxi, 639 km.

Egilsstaðir – Seyðisfjörður: 27 km.

Egilsstaðir – Reyðarfjörður: 34 km.

Egilsstaðir – Neskaupstaður: 71 km.

Egilsstaðir – Höfn: Um Öxi, 188 km.

Egilsstaðir – Vopnafjörður: Um Hellisheiði, 91 km.

Egilsstaðir – Akureyri: 265 km.

Skólar



Fellaskóli

Grunnskólar á Fljótsdalshéraði

Á Fljótsdalshéraði eru starfræktir 4 grunnskólar; Egilsstaðaskóli, Hallormsstaðaskóli, Fellaskóli og Brúarásskóli. Skólarnir eru um margt ólíkir og íbúar eiga frjálst val á skóla fyrir börn sín. Börn sem búa í skólahverfi hvers skóla hafa þó ávallt forgang í sinn heimaskóla. Rúmlega 340 nemendur stunda nám í Egilsstaðaskóla, í Fellaskóla eru um 100 nemendur í 1. - 10. bekk, um 25 nemendur í Hallormsstaðaskóla og um 37 í Brúarásskóla. Egilsstaðaskóli og Fellaskóli eru í þéttbýliskjörnunum sitt hvorum megin við Lagarfljót, hinir skólarnir eru í byggðakjörnum á Hallormsstað og Brúarási. Allir skólarnir eru að fullu einsetnir, og eru starfræktir sem heimanaksturs- eða heimangönguskólar, þar sem allir nemendur fara heim að skóladegi loknum.

Brúarásskóli, Brúarási

Sími: 470 0625

Fax: 470 0799

Netfang: bruarasskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: fljotsdalsherad.is/bruarasskoli

Fellaskóli

Einhleypingi 1, Fellabæ

Sími: 470-0640

Fax: 471-2168

Netfang: fellaskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: fljotsdalsherad.is/fellaskoli

Egilsstaðaskóli

Tjarnarlönd 11, Egilsstöðum

Sími: 470-0605

Fax: 470-0741

Netfang: egilsstadaskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: fljotsdalsdalsherad.is/egilsstadaskoli

Hallormsstaðaskóli, Hallormsstað

Sími: 470-0630

Fax: 471-2197

Netfang: hallormsstadaskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: fljotsdalsherad.is/hallormsstadaskoli

Leikskólar á Fljótsdalshéraði

Á Fljótsdalshéraði eru 4 leikskólar. Hádegishöfði og Tjarnarskógur eru í þéttbýliskjörnunum sitt hvoru megin við Lagarfljót, Skógarsel og Brúarási eru í byggðakjörnunum á Hallormsstað og Brúarási. Leikskólarnir eru um margt ólíkir sem byggir m.a. á áherslum þeirra og umhverfi. Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri.

Leikskólinn Brúarási

Sími: 470 0675, 470 0678

Netfang: bruarasskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: www.leikskolinn.is/bruaras/

Leikskólinn Hádegishöfði

Lagarfelli 15, Fellabæ

Sími: 470 0670

Netfang: vala@fljotsdalsherad.is

Veffang: www.leikskolinn.is/hadegishofdi/

Leikskólinn Tjarnarskógur

Skógarlöndum 5, Egilsstöðum

Sími: 470 0660

Tjarnarlöndum 10 – 12, Egilsstöðum

Sími: 470 0650

Netfang: sigridurp@egilsstadir.is

Veffang: www.leikskolinn.is/skogarland/

Leikskólinn Skógarsel Hallormsstað

Sími: 470 0675

Netfang: hallormsstadaskoli@fljotsdalsherad.is

Veffang: www.leikskolinn.is/skogarsel/

Tónlistarskólar

Tónlistarskólar eru starfræktir á Egilsstöðum, í Fellabæ, Brúarási og auk þess starfar tónskóladeild á Hallormsstað. Skólarnir hafa hver og einn skapað sér sérstöðu og því er val á tónlistarnámi fjölbreytt.

Tónlistarskólinn á Egilsstöðum og á Hallormsstað

Tjarnarlöndum 11, Egilsstöðum og í Hallormsstaðaskóla

Sími: 470 0645

Netfang: tonlistarskoli@egilsstadir.is

Veffang: http://www.fljotsdalsherad.is/tonnegilsstodum/

Tónlistarskólinn í Fellabæ

Sími: 470 0646

Netfang: drifas@egilsstadir.is

Veffang: http://www.fljotsdalsherad.is/tonfellabae/

Tónlistarskólinn á Brúarási

Sími: 470 0628

Netfang: joningi@egilsstadir.is

Veffang: http://www.fljotsdalsherad.is/tonbruaras/

Framhaldsskólar, símenntun og háskólanám

Menntaskólinn á Egilsstöðum

Tjarnarbraut 25, Egilsstöðum

Sími: 471 2500

Veffang: <http://www.me.is>

Menntaskólinn á Egilsstöðum var stofnaður árið 1979. Um 300 nemendur eru í dagskóla og nokkrir tugir nemenda eru í fjarnámi. Í skólanum er heimavist fyrir um 120 nemendur. Í heimavistarhúsi er einnig mötuneyti, hátíðarsalur, kennslustofur, bókasafn og lesaðstaða.

Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað

Hallormsstað

Sími: 471 1761

Netfang: hushall@ismennt.is

Veffang: www.hushall.is

Skólahúsnæði Handverks- og Hússtjórnarskólans á Hallormsstað var byggt árið 1930, húsið er því í gömlum stíl, sérstakt og fallegt. Í skólanum er heimavist og mötuneyti fyrir 20-24 nemendur. Skólinn er framhaldsskóli í áfangakerfinu með áfanga á listnáms- og matvælabraut. Nám við skólann er ein önn og gefur allt að 30 einingar.

Austurbrú (Pekkingarnet Austurlands)

Tjarnarbraut 39e, Egilsstaðir

Sími: 470 3800

Veffang: <http://tna.is>

Pekkingarnet Austurlands miðlar háskólanámi frá háskólum landsins og þjónustar fjarnema með ýmsum hætti. Það skipuleggur einnig námskeið á fjölmörgum sviðum og veitir ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga. Pekkingarnetið rekur Háskólanámssetur á Egilsstöðum auk þess sem það tekur þátt í rekstri námsvera á nokkrum stöðum á Austurlandi í samstarfi við framhaldsskóla og sveitarfélög.



Menntaskólinn á Egilsstöðum



Handverks- og hússtjórnarskólinn á Hallormsstað



Austurbrú/Pekkingarnet Austurlands

Félagsþjónusta

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs veitir félags- og barnaverndarþjónustu á Fljótsdalshéraði, í Fljótsdalshreppi, Borgarfjarðarhreppi, Djúpvogshreppi, Vopnafjarðarhreppi og Seyðisfjarðarkaupstað. Helstu þjónustupættir hennar eru félagsleg ráðgjöf sem felst í ráðgjöf um réttindi og stuðningi við að setja sér markmið og vinna sig út úr persónulegum vanda eða vanlíðan. Einnig er boðið upp á fjárhagsaðstoð, bæði í formi styrkja og í formi ráðgjafar um meðferð og skipulagningu fjármuna. Hjá félagsþjónustunni eru umsóknir um húsaleigubætur afgreiddar ásamt umsóknum um sérstakar húsaleigubætur og félagslegt leiguhúsnæði. Félagsþjónustan sinnir, í nánú samstarfi við skólakerfið, forvörnum á sviði uppeldismála og býður upp á uppeldisnámskeið og fræðslu fyrir foreldra og starfsfólk leik- og grunnskóla ásamt PMT meðferð. Félagsþjónustan starfrækir dagvist fyrir aldraða, sinnir akstri og liðveislu fyrir fatlaða og félagslegri heimþjónustu fyrir þá sem þurfa. Félagsmiðstöðin Hlymsdalir er rekin af

félagsþjónustunni en þangað er hægt að sækja félagsstarf á borð við handavinnuhópa og námskeið, spila eða kíkja í blöðin yfir kaffibolla.

Allir einstaklingar hafa þær skyldur gagnvart öllum börnum að gera barnaverndarnefnd viðvart ef þá grunar að barn búi við vanrækslu, verði fyrir áreitni eða ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í hættu. Starfsfólk Félagsþjónustunnar tekur á móti tilkynningum í síma 470 0705 á dagvinnutíma. Neyðarlínan 112 tekur á móti tilkynningum allan sólarhringinn. Almennigur getur tilkynnt undir nafnleynd gagnvart öðrum en barnaverndarnefnd skv. Barnaverndarlögum.

Aðsetur félagsþjónustunnar er að Lyngási 12, Egilsstöðum. Tímappantanir og upplýsingar í síma 470 0705.

Heilbrigðisþjónusta

Á sviði heilbrigðisþjónustu er til staðar í sveitarfélaginu heilsugæslustöð, og sjúkrahús, tannlæknastofa og dýraspítali.

Heilsugæslan

Sími heilsugæslunnar er 470 3000.

Opið alla virka daga frá kl. 8:00-16:00

Vaktsími læknis utan opnunartíma: 862 1010

Símaviðtalstími lækna er kl. 09:00-10:00 og kl. 13:00-14:00

Tannlæknastofan Egilsstöðum

Miðgarði 13, Egilsstöðum

Sími: 471 1430



Heilsugæslan



Tannlæknastofan Egilsstöðum

Menningar- & frístundastarf

Gróskumikið menningar- og félagsstarf á sér stað á Fljótsdalshéraði á vegum sveitarfélagsins, félagasamtaka og einstaklinga.

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs

Menningarmiðstöð Fljótsdalshéraðs gegnir mikilvægu hlutverki á menningarsviðinu. Hlutverk hennar er að standa fyrir og stuðla að eflingu lista- og menningarstarfs á Fljótsdalshéraði með sérstaka áherslu á sviðslistir. Skrifstofa Menningarmiðstöðvar Fljótsdalshéraðs er í Sláturhúsinu að Kaupvangi á Egilsstöðum. Heimasíða menningarmiðstöðvarinnar er www.slaturhusid.is

Sláturhúsið

Sláturhúsið, menningarsetur er starfrækt á Egilsstöðum. Þar fer fram öflugt menningarstarf. Þar eru vinnustofur listamanna úr héraði og sýningarsalir. Hægt er að bóka aðstöðu fyrir sýningar og fundi í Sláturhúsinu. Sími Sláturhússtjóra er 894 7282.



Safnahúsið, Laufskógum 1

Leiklistarstarf

Leiklistarlíf hefur verið blómlegt á Fljótsdalshéraði í tugi ára. Þar hefur Leikfélag Fljótsdalshéraðs verið í fararbroddi en einnig starfar kraftmikið leikfélag við Menntaskólann á Egilsstöðum.

Söfn

Í Safnahúsinu að Laufskógum 1 á Egilsstöðum eru starfrækt þrjú söfn, Bókasafn Héraðsbúa, Minjasafn Austurlands og Héraðsskjalasafn Austfirðinga. Þessi söfn hafa auk reglubundinnar starfsemi boðið upp á sérsýningar og ýmis konar kynningar og skemmtidagskrár, bæði hvert um sig á sínu sviði og jafnframt sameina söfnin í Safnahúsinu reglulega krafta sína og bjóða upp á áhugaverða dagskrárliði. Bókasafnið er opið alla virka daga frá kl. 14:00 til 19:00. Þar hafa gestir safnsins aðgang að tölvu.



Minjasafn Austurlands

Laufskógum 1, Egilsstöðum
Sími: 471 1412
Veffang: www.minjasafn.is

Héraðsskjalasafn Austfirðinga

Laufskógum 1, Egilsstöðum
Sími: 471 1417
Veffang: www.heraust.is

Bókasafn Héraðsbúa

Laufskógum 1, Egilsstöðum
sími: 470 0745
bokasafn@egilsstadir.is

Félagsmiðstöðvar

Á Fljótshéraði eru tvær félagsmiðstöðvar fyrir ungt fólk á grunnskólaaldri, Afrek í Fellabæ og Ný-ung á Egilsstöðum. Opnunartími er auglýstur á hverju hausti á heimasíðu sveitarfélagsins.

vegaHÚSIÐ

Vegahúsið er menningar- og upplýsingamiðstöð fyrir ungt fólk á aldrinum 16-25 ára. VegaHÚSIÐ er með aðsetur í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Þar er boðið upp á ýmis konar afþreyingu fyrir ungt fólk og aðstöðu fyrir uppákomur. Þar er einnig boðið upp á aðstoð við þróun og framkvæmd hugmynda ungs fólks, í nánu sambandi við menningarmiðstöðina sem er með aðstöðu í sama húsi.

Félagsheimili

Sveitarfélagið á og kemur að rekstri fjögurra félagsheimila í dreifbýli. Þau eru Arnhólsstaðir í Skriðdal, Iðavellir á Völlum, húsnæði fyrrum Barnaskólans að Eiðum og Hjaltalundur í Hjaltastaðapingá. Í félagsheimilunum fer fram ýmis konar menningarstarf í nærsamfélaginu.

Hlymsdalir

Félagsaðstaða eldri borgara, dagvist eldri borgara og félagsmiðstöð Félagsþjónustunnar á Fljótshéraði er til húsa að Miðvangi 6, Egilsstöðum. Sími: 470 0798

Skátastarf

Skátafélagið Héraðsbúar hafa á stuttum tíma byggt upp öflugt skátastarf í sveitarfélaginu. Upplýsingar um starfsemi má fá í síma 565 0887.

Önnur félags- og frístundastarfsemi

Á Fljótshéraði er blómlegt starf fjölmargra klúbba og félagasamtaka. Félögin bjóða nýja meðlimi velkomna. Með þátttöku í frjálsum félagasamtökum gefst gott tækifæri til að kynnast einstaklingum og samfélagi. **Lista yfir félög og klúbba sem starfa á Fljótshéraði má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig má leita upplýsinga á skrifstofu Fljótshéraðs í síma 4700 700.**

Árlegir menningarviðburðir

á Fljótshéraði eru m.a. þessir:

- Prettándagleðin er í Tjarnargarðinum.
- Video og kvikmyndahátíðin 700.is – Hreindýraland sem haldin er í mars ár hvert. www.700.is
- Leiklistarhátíðin Þjóðleikur er haldin annað hvert ár í apríl.
- Þjóðhátíðardagur Íslendinga 17. júní.
- Jasshátíð Egilsstaða á Austurlandi er haldin í júní.
- Skógardagurinn mikli er haldinn í júní.
- Héraðshátíðin Ormsteiti er menningarviðburður sem stendur yfir í tíu daga í ágúst
- Dagar myrkurs í nóvember um allt Austurland.
- Áramótunum er fagnað með veglegri brennu og flugeldasýningu.

Íþróttastarfsemi

Á Fljótsdalshéraði eru fjögur íþróttahús, í Fellabæ, Brúarási, Hallormsstað og á Egilsstöðum. Þar er einnig að finna frjálsíþróttavöll, golfvöll, fótbolta-, körfubolta-, blak- og sparkvelli, strandblaksvöll, sundlaugar, aðstöðu fyrir hestafólk, göngustíga ofl.

Fjölnotahúsið í Fellabæ

Íþróttasalurinn er 323 m² að stærð og er fyrst og fremst notaður til íþróttakennslu fyrir grunnskóla og leikskóla fyrrihluta dags, en síðdegis og á kvöldin er hann leigður út til einstaklinga og íþróttafélagana.

Íþróttahúsið í Brúarási

Íþróttahúsið er um 400 m² að stærð. Húsið er aðallega notað til íþróttakennslu við Brúarásskóla og nýtist jafnframt vel til íþrótt- og tómsundastarfs með nemendum skólans. Samkomur eru líka haldnar í salnum og má þar t.d. nefna þorablót sveitarinnar.

Íþróttahúsið á Hallormsstað

Íþróttahúsið er í eigu Hallormsstaðaskóla, enda er það samkomusalur skólans og almenn kennslustofa. Íþróttasalurinn sjálfur er um 200 m². Íþróttakennsla við Hallormsstaðaskóla fer fram í húsinu og einnig nýtist það vel til tómsundastarfs og samkomuhalds. Þarna er einnig lítil sundlaug.

Íþróttamiðstöðin á Egilsstöðum


Íþróttasalur miðstöðvarinnar er 1200 m² sem hægt er að skipta niður í þrjár einingar. Á efri hæð hússins er líkamsræktaraðstaða Héraðspreks, með góðum tækjum og í kjallara hússins er lítill salur þar sem boðið er upp á ýmis konar leikfimi.

Vilhjálmsvöllur

Á Egilsstöðum er góður og fjölnota íþróttavöllur. Þar er frjálsíþróttavöllur með sex hlaupabrautum með gerviefni sem er einnig á stökksvæðum. Innan brautar er knattspyrnuvöllur með grasi. Við annan enda vallarins er grassvæði sem notað hefur verið til æfinga fyrir yngri flokka í knattspyrnu. Hjá Vilhjálmsvelli stendur, Hettan, sem í senn er áhaldageymsla og félagsaðstaða Hattar. Í kjallara hússins er búningsaðstaða og sturtur.

Fellavöllur

Fellavöllur í Fellabæ var tekinn í notkun í desember 2007. Hann er Fifa keppnisvöllur í fullri stærð og uppfyllir öll skilyrði keppnisvallar að undanskildum áhorfendastúkum. Völlurinn



Íþróttamiðstöðin á Egilsstöðum

er flóðlýstur, með gervigrasi og upphitaður og með búningsaðstöðu. Fellavöllur er aðal æfingasvæði Knattspyrnudeildar Hattar.

Sparkvellir

Á Fljótsdalshéraði eru þrjár sparkvellir sem byggðir voru í samstarfi við KSÍ. Þeir standa við grunnskóla sveitarfélagsins, Egilsstaðaskóla, Brúarásskóla og Hallormsstaðaskóla.

Sundlaugin á Egilsstöðum

Við Íþróttamiðstöðina er útisundlaug sem er 25 m löng með tveimur heitum pottum, vaðlaug og rennibraut. Á sumrin opnar sundlaugin mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl. 6.00 og þriðjudaga og fimmtudaga kl. 6:30. Hún lokar kl. 21.30 á kvöldin. Um helgar opnar hún kl. 10.00 og lokar kl. 18.00. Á veturna er opnunartími heldur styttri.

Sundlaugin Skjöldólfsstöðum

Sundlaugin er aðeins opin á sumrin frá kl. 9:00 til 12:00 og 14:00 til 20:00. Nánari upplýsingar í síma 471 2006 og 895 1085.

Hestamennska

Í sveitarfélaginu eru tvö hesthúsasvæði. Annars vegar í Fossgerði þar sem er pláss fyrir um 100 hesta í hesthúsum. Þar er einnig gott æfingagerði ásamt annarri nauðsynlegri aðstöðu er tengist hestamennsku. Fossgerði er ca. 4 km norðan við Egilsstaði.

Hins vegar rekur Hestamannafélagið Freyfaxi mótssvæði á Stekkhólma við Iðavelli, sem er sunnan við Egilsstaði, á leiðinni í Hallormsstað. Þar er nýrisin reiðhöll. Á vegum hestamannafélagsins hefur verið í gangi öflugt barna- og unglinga-starf.

Golf

Á Fljótdalshéraði er starfræktur Golfklúbbur Fljótdalshéraðs. Golfvöllur klúbbsins, Ekkjufellsvöllur, er staðsettur í Fellunum norðan megin við Lagarfljótið, í um 3 km fjarlægð frá Egilsstöðum og um 1 km sunnan við Fellabæ. Völlurinn er 9 holur, um 2.400 metrar og parið 35 högg. Völlurinn býr yfir mikilli náttúrufergurð og frábæru útsýni.

Fótbolti, fimleikar, frjálsar, körfubolti

Íþróttafélagið Höttur er stærsta íþróttafélagið í sveitarfélaginu. Á vegum Hattar er boðið upp á blómlegt íþróttastarf fyrir börn

og unglinga. Íþróttadeildir undir merkjum Hattar eru m.a. knattspyrnu-, fimleika-, körfubolta-, blak-, handbolta-, sund- og frjálsíþróttadeildir. Auk þess eru starfandi minni íþróttafélög í dreifbýli sveitarfélagsins, s.s. Pristurinn, Ásinn og Fram.

Skíðaíþróttir

Skíðafélagið í Stafdal er sameiginlegt skíðafélag Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Æfingaaðstaða félagsins er í Stafdal í Seyðisfirði. Þegar aðstæður leyfa eru lagðar skíðagöngubrautir á Fjarðaheiði og í Selskógi á vegum Snæhéranna.

Skotíþróttir

Skotfélag Austurlands er starfandi á svæðinu og er æfingarsvæði þess í Þuridarstaðalandi sem er skammt frá leiðinni í Mjóafjörð.

Akstursíþróttir

Akstursklúbburinn Start hefur verið öflugur á svæðinu og stendur árlega fyrir mótum bæði snjósleðamótum að vetri og torfærukeppni að sumri.

Trúarstarf

Þjóðkirkjan

Jóhanna I. Sigmarsdóttir
Sími 471 3826, 899 3826

Lára G. Oddsdóttir
Sími 471 2872, 892 9328

Porgeir Arason
Sími 895 3606

Sigríður Rún Tryggvadóttir
Sími 472 1182, 698 4958

Ásatrúarsöfnuður

Baldur Pálsson, Freysgoði
Sími 861 2164

Íslenska Kristskirkjan

Eyjólfsstaðir
Sími 471 2171

Kapólska kirkjan á Íslandi

Br. David Tencer OFM Cap
Sími 471 1340, 897 8563

Sorphirða

Á Fljótdalshéraði er þriggja tunnu sorphirðukerfi. Það felur í sér að lögð er áhersla á frekari flokkun heimilissorps. Þjónusta sveitarfélagsins við íbúa og fyrirtæki miðar að því að þeim úrgangi sem myndast sé komið í endurnotkun og endurnýtingu um leið og áhersla er lögð á að dregið sé með skipulögðum hætti úr myndun úrgangs eins og unnt er.

Móttökustaður fyrir annan úrgang en þann sem er sóttur er á Tjarnarási 11, Egilsstöðum.
Sími 471 1111

Ýmsar þjónustustofnanir

Lögregla

Lyngási 15 Egilsstöðum
Neyðarsími – Lögreglustöð: Sími 112
Upplýsingasími: 470 2140

Sýslumaður umboðsskrifstofa

Lyngás 15, Egilsstöðum
Sími: 470 2130

Skattstofa Austurlands

Skjólvangur 2, Egilsstöðum
Sími: 470 1300

Vinnumálastofnun Austurlandi

Miðás 1, Egilsstöðum
Sími: 512 8280

Lyfja Egilsstöðum

Kaupvangur 6, Egilsstöðum
Sími: 471 1273

Þjónustudýralæknar á Fljótshéraði

Hjörtur Magnason sími 892 3160 / 471 2022
Sívía Windman sími 892 2734
Sjá frekar á www.mast.is

Dýralæknastofa

Dynskógum 4
Hjörtur Magnason sími 892 3160

Egilsstaðaflugvöllur

Egilsstaðaflugvelli
Sími: 471 1210

Upplýsingamiðstöð Austurlands

Miðvangi, Egilsstöðum
Sími: 471 2320

Rauði krossinn

Héraðs- og Borgarfjarðardeild
Rauði krossinn býður upp á aðstoð og leiðbeiningar fyrir nýja íbúa og innflytjendur. Skrifstofa félagsins er opin á þriðjudögum og fimmtudögum 10:00-14:00, sími alla virka daga 863 3616, johannamaria@redcross.is



Leikskólinn Hádegishöfði, Fellabæ



Hallormsstaðaskóli



Brúarásskóli



Leikskólinn Tjarnarskógur, Skógarlöndum, Egilsstöðum



Skrifstofur lögreglu- og sýslumannsembættis



Egilsstaðaskóli



Leikskólinn Tjarnarskógur, Tjarnarlöndum, Egilsstöðum



Vinnuálastofnun, Austurlandi



Landsbankinn



Höfuðstöðvar RARIK, Austurlandi



Íslandspóstur



Verslana- og þjónustukjarninn Nían, Miðvangi 1-3, Egilsstöðum



Frumherji, bifreiðaskoðun, Fellabæ



Verslanir og þjónusta Kaupvangi 3, Egilsstöðum



Verslana- og þjónustukjarninn Miðvangi 2-4, Egilsstöðum



Nettó og Lyfja, Kaupvangi



KPMG og Arionbanki, Egilsstöðum



Verslanakjarninn við Egilsstaðanesið



www.fljotsdalsherad.is
- hvergi annarsstaðar